ferill
VERKFRÆÐISTOFA

**HÖNNUNARFORSENDUR:**
BYGGINGARREGLUGERÐ NR. 441/1998
VATNSLAGNIR ÍST 67
FRÁRENNSLISLAGNIR ÍST 68
HITALAGNIR ÍST 69, ÍST EN 442

SKAMMSTAFANIR:

| | |
|---|---|
| GN | GÓLFNIÐURFALL ÁN GEGNUMRENNSLIS |
| GN+HL | GÓLFNIÐURFALL MEÐ GEGNUMRENNSLI FRÁ HANDLAUG |
| GN+SV | GÓLFNIÐURFALL MEÐ GEGNUMRENNSLI FRÁ SKOLVASK |
| HL | HANDLAUG |
| SV | SKOLVASKUR |
| RV | RÆSTIVASKUR |
| EV | ELDHÚSVASKUR |
| VS | VATNSSALERNI |
| SB | STEYPIBAÐ |
| BK | BAÐKAR |
| ÞS | ÞVAGSKÁL |
| ÞV | ÞVOTTAVÉL |
| ÞN | ÞAKNIÐURFALL |
| SN | SVALANIÐURFALL |
| NF | NIÐURFALL Í LÓÐ |
| TM | TENGIMÖGULEIKI |
| HR | HREINSISTÚTUR |
| FR | TENGIKÓTI Á REGNVATNSLÖGNUM |
| FS | TENGIKÓTI Á SKÓLPLÖGNUM |
| RK | RENNSLISKÓTI |

**TÁKN Á TEIKNINGUM :**

FRÁRENNSLISLÖGN
FRAMRÁS HITAKERFI
BAKRÁS HITAKERFI
HEITT NEYSLUVATN
KALT NEYSLUVATN
STÝRISTRENGUR

**FRÁRENNSLISLAGNIR**

ALLAR LAGNIR INNANHÚSS SKULU VERA ÚR STEYPUJÁRNI (J) OG SKULU LAGNIR OG TENGISTYKKI VERA FRÁ SAMA FRAMLEIÐANDA.

GREINAR Í LÉTTUM VEGGJUM OG ÚTLOFTUNARLAGNIR MEGA VERA ÚR POLYPROPYLEN (PP).

NOTA SKAL EINANGRUN/ÁDRAG Á ALLAR FRÁRENNSLISLAGNIR SEM FARA INN Í LÉTTA VEGGI.

ALLAR LÁRÉTTAR LAGNIR SKULU VERA MEÐ A.M.K. 20 ‰ HALLA.

FARA SKAL EFTIR FYRIRMÆLUM FRAMLEIÐANDA VARÐANDI FESTINGAR, BÆÐI HVAÐ VARÐAR ALMENNAR FESTINGAR OG HLJÓÐEINANGRAÐAR FESTINGAR. ALLAR FESTINGAR SKULU VERA MEÐ GÚMMÍHRINGJUM. MILLI PLATNA (GÓLFA) SKAL VERA A.M.K. EIN BURÐARFESTING OG EIN HLJÓÐEINANGRUÐ FESTING.

**VATNSLAGNIR**

NOTA SKAL VARMASKIPTIR TIL AÐ HÁMARKA HITASTIG Á HEITU NEYSLUVATNI, HITASTIG MÁ EKKI FARA YFIR 60°C.

VIÐ ÖLL HREINLÆTISTÆKI SKULU VERA STOPPKRANAR.

ÖLL HREINLÆTISTÆKI SKULU UPPFYLLA KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL HREINLÆTISTÆKJA Í FLOKKI 1 (LAB</= 20 DB(A)).

ALLAR LAGNIR LIGGJA Í GÓLFPLÖTU, VIÐ LOFT, Á VEGGJUM EÐA Í LÉTTUM INNVEGGJUM. ÞAR SEM LAGNIR LIGGJA Í PLÖTU SKAL NOTA HLÍFÐARRÖR UTAN UM LAGNIR.

LAGNIR SKULU VERA ÚR KROSSBUNDNU POLYETHYLEN PEX MEÐ SÚREFNISFLÆÐIVÖRN EÐA ÁLPEX SAMKVÆMT DIN 1988. TENGISTYKKI SKULU VERA AF SAMA UPPRUNA OG LAGNIR. HLÍFÐARRÖR SKULU VERA ÚR POLYETHYLEN (PE).

**ALLAR ÓMERKTAR LAGNIR SKULU VERA AF STÆRÐINNI DN12 (Ø15).**

ÞRÝSTIPRÓFA SKAL ALLAR LAGNIR MEÐ 1,5 X VINNUÞRÝSTING EÐA MINNST 15 bar OG SKAL ÞAÐ GERT SAMKVÆMT FORSKRIFT FRAMLEIÐANDA LAGNANNA.

GERA SKAL RÁÐSTAFANIR VARÐANDI HLJÓÐBURÐ FRÁ LÖGNUM YFIR Í BYGGINGAHLUTA.

EINANGRA SKAL LAGNIR MEÐ ÓBRENNANLEGRI EINANGRUN OG SKAL EFNISÞYKKT Á EINANGRUN VERA EFTIRFARANDI:

| | |
|---|---|
| LAGNIR < DN50 | 20 mm ÞYKK EINANGRUN |
| LAGNIR > DN50 | 30 mm ÞYKK EINANGRUN |

ÞAR SEM VIÐ Á SKAL FESTA LAGNIR MEÐ FESTITEINUM Í STEYPU EÐA BURÐARBITA, EN Í LÉTTUM INNVEGGJUM SKAL FESTA LAGNIR VIÐ STOÐIR.

FJARLÆGÐ MILLI UPPHENGJA MÁ EKKI VERA MEIRI EN 0,7 m FYRIR DN20, 0,95 m FYRIR DN32, SJÁ ANNARS LEIÐBEININGAR FRAMLEIÐANDA.

**HRINGRÁSAKERFI**

FYLLA SKAL Á KERFI MEÐ MONO-PROPYLENE GLYCOL (T.D. ALPHI-11) BLÖNDU (33% GLYCOL / 67% VATN). GLYCOL SKAL HINDRA GERLAMYNDUN OG KALKÚTFELLINGAR OG HAFA MINNST 10 ÁRA ENDINGATÍMA FRÁ FRAMLEIÐANDA. HRINGRÁSA SKAL BLÖNDU ÞANNIG AÐ SÚREFNI FARI ÚR VÖKVA OG KERFI.

GÆTA SKAL ÞETTA AÐ ÍHLUTIR Í LOKUÐUM KERFUM INNIHALDI EKKI GALVANHÚÐ.

**HITALAGNIR**

LAGNIR SKULU VERA SVÖRT STÁLRÖR SAMKVÆMT DIN 2440. TENGISTYKKI SKULU VERA SAMKVÆMT DIN 2950 OG AF SAMA UPPRUNA OG LAGNIR.

ÞRÝSTIPRÓFA SKAL ALLAR LAGNIR MEÐ 6,0 bar VATNSÞRÝSTINGI SEM SKAL STANDA Í 24 klst. OG SKAL YFIRFARA ALLAR TENGINGAR MEÐ SJÓNSKOÐUN.

EINANGRA SKAL LAGNIR OG TENGISTYKKI MEÐ 15 mm ÓBRENNANLEGRI EINANGRUN T.D STEINULLARHÓLKUM MEÐ ÁFÖSTUM TREFJASTYRKTUM ÁLDÚK.

SÝNILEGAR LAGNIR Á VEGGJUM ERU ÁN EINANGRUNAR.

ALLAR LAGNIR UNDIR LOFTUM SKULU HENGDAR Í ÞAR TIL GERÐAR BAULUR EÐA RÓLUR. LAGNIR UTAN Á VEGGJUM SKULU FESTAR Í MÁLMFESTINGAR ÞÉTT VIÐ VEGG OG SKULU FESTINGAR ALLAR VERA AF SÖMU GERÐ.

MESTA FJARLÆGÐ MILLI UPPHENGJA ER 2 m.

**OFNAR**

OFNAR SKULU VERA GRYFJUOFNAR AF GERÐINNI JAGA MEÐ INNBYGGÐUM BLÁSARA. Á ALLA OFNA KOMI MÓTORLOKI, LOFTSKRÚFA OG STILLITÉ. ALLAR LOFTSKRÚFUR SKULU ÞANNIG GERÐAR AÐ AÐEINS MEGI OPNA ÞÆR MEÐ LYKLI.

**GÓLFHITI**

LAGNIR SKULU VERA ÚR PLASTI MEÐ SÚREFNISFLÆÐIVÖRN ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR Í GÓLFHITA SAMKVÆMT DIN 16968, 4727 OG 4726.
LAGNIR SKULU VERA DN15 (Ø20).
BIL FRÁ VEGG AÐ LÖGN SKAL VERA 70-100 mm.

ÞRÝSTIPRÓFA SKAL ALLAR LAGNIR MEÐ 6,0 bar VATNSÞRÝSTING.

HAFA SKAL ÞRÝSTING Á LÖGNUM MEÐAN Á FRAMKVÆMD STENDUR.

NOTA SKAL TENGIGRIND ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR Í GÓLFHITA
ÖLL TENGISTYKKI HAFA LAGNAEFNI OG FRÁGANGUR SKAL VERA SAMKVÆMT FYRIRMÆLUM FRAMLEIÐANDA.

Í HVERJU HERBERGI SKAL KOMA FYRIR HITANEMA SEM SKYNJAR LOFTHITA OG SKAL HANN VERA STILLANLEGUR , SJÁ STAÐSETNINGU HITANEMA Á TEIKNINGU 3-101 OG 3-201.

SETJA SKAL UPP STJÓRNSTÖÐ SEM FÆR BOÐ FRÁ ÚTIHITANEMA, HITA-NEMA Í FRAMRÁS GÓLFHITAKERFIS OG BAKRÁS HITAKERFIS. STJÓRNSTÖÐ SENDIR SÍÐAN BOÐ TIL MÓTORLOKA SEM STAÐSETTUR ER Á BAKRÁS HITAKERFIS.

STILLA SKAL STJÓRNSTÖÐ ÞANNIG AÐ HITASTIG Í FRAMRÁS KERFISMEGIN FARI EKKI YFIR 45°C.

DEILIKISTUR SKULU FELAST Í VEGGJUM EÐA INNRÉTTINGUM EN UPPBLÖNDUNARKERFI SKAL VERA STAÐSETT Í INNTAKSRÝMI.

**FRÁGANGUR Á GÖTUM**

GANGA SKAL ÞANNIG FRÁ LÖGNUM Í GEGNUM GÓLFPLÖTUR OG VEGGI AÐ EKKI SÉ HÆTTA Á ÚTBREIÐSLU ELDS, REYKS, HÁVAÐA, LYKTAR EÐA RAKA MEÐFRAM LÖGNUM EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á.

SETJA SKAL HLÍF EÐA LÖGN UTAN UM LAGNIR SEM LAGÐAR ERU Í ÚRTÖK GERÐ VIÐ UPPSTEYPU BYGGINGAR. VERKTAKI SKAL FYLLA MEÐ SANDSTEYPU Í ÞAU GÖT AÐ HLÍFUM, EN MEÐ STEINULLARTRÓÐI OG KÍTTI Á MILLI LAGNAR OG HLÍFAR. YFIRBORÐ GATA SKAL VERA SLÉTT VIÐ YFIRBORÐ VEGGJAR EÐA GÓLFS.

ÞÉTTING SKAL HAFA SAMA BRUNAÞOL OG TILHEYRANDI VEGGUR EÐA PLATA EF GEGNUMTAK ER Í BRUNASKILRÚMI. BRUNAÞÉTTINGAR SKAL FRAMKVÆMA MEÐ VIÐURKENNDUM EFNUM OG AÐFERÐUM OG SKULU BRUNAÞÉTTINGAR VERA MEÐ GILDANDI VIÐEIGANDI VOTTUN.

BRUNAÞÉTTINGAR SKULU VERA MEÐ GILDANDI VIÐEIGANDI VOTTUN.

ÁRITUN BYGGINGARFULLTRÚA

# HVÍTÁRBRAUT 19

AFSTÖÐUMYND 1:250



TEIKNINTÁKN OG MERKINGAR

HITAMÆLIR
ÞRÝSTIMÆLI
STOPPLOKI
EINSTREYMISLOKI
ÖRYGGISLOKI
SÍA
RENNSLISMÆLIR
HRINGRÁSARDÆLA
STILLILOKI
MÓTOR SAMHÆFÐUR KERFI
HITASTÝRÐUR LOKI
SJÁLFVIRK LOFTSÍA
BLANDLOKI

ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR: KT.

| BR. | DAGS. | BREYTING | SAMÞ. |
|---|---|---|---|
| | | | |

ferill
VERKFRÆÐISTOFA

HVÍTÁRBRAUT 19 ÖLFUSSI
FRÍSTUNDARHÚS
HITA- OG ÞRIFAKERFI
ALMENNAR SKÝRINGAR
YFIRLITSMYND

SAMÞYKKT: KT.

| HÖNNUÐUR | YFIRFARIÐ | DAGS. ÚTG. | DAGS. BREYT. |
|---|---|---|---|
| GP gummi@ferill.is | HÞV | 25.02.13 | |
| MKV. | VERKNR. | TEIKN. NR. | BREYT. |
| - | 12101 | 3 - 01 | |

Ferill ehf Mörkin 1 108 Reykjavík Sími: 575 1600 Fax: 575 1601 www.ferill.is

V:\Hvítárbraut\19\Teikningar\3-HITA- OG ÞRIFAKERFI\12101-3-01.dwg